



Sveitarfélagið Hornafjörður
Guðrún Agða Aðalheiðardóttir
Hafnarbraut 27
780 HÖFN

Garðabær, 14.2.2025

Málsnúmer: 202501-0077/-0078

IAS/LÁ/OKV/RTh

Efni: Hoffel í Nesjum, Skipulags- og matslýsing.

Vísað er í erindi frá Sveitarfélaginu Hornafirði, frá 16. janúar 2025, þar sem óskað er umsagnar Náttúrufræðistofnunar um skipulags- og matslýsingu vegna breytinga á aðalskipulagi og tveggja deiliskipulagsáætlana við Hoffell II og Hoffellslón í landi Hoffells.

Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér lýsinguna og gerir eftirfarandi athugasemdir.

Jöklar, jökulár og landmótun þeirra, er eitt af sérkennum íslenskrar náttúru sem þykir einstök á heimsvísu. Hoffellsjökull var mestur um 1890 og fram á miðja síðustu öld stóð hann lengi við núverandi jökulgarða, en hefur síðan þá hörfað lengra inn til landsins. Tvö jökullón, Gjávatn og Múlavatn, voru framan við jökulsporðinn og árlega varð jökulhlaup úr þeim. Sjá má fornar strandlínur eftir Gjávatn í hlíðum Hoffellsfjalls. Á síðustu öld var Hoffellsjökull og jöklaumhverfi hans vettvangur umfangsmikilla jöklafræðirannsókna, sem eru enn í gangi og sem auka á vísindagildi svæðisins. Vegna nálægðar við forna megineldstöð, Geitafellseldstöðina, eru fallegar ljósar líparít áreyrar framan við Húsberg og Pálshvamm, en slíkar áreyrar eru ekki algengar á Íslandi. Á jökuláreyrunum, þar sem Austurfljót rann fram til ársins 2008, hafa fundist skeljar, ígulker og rostungstennur, sem bendir til þess að í lok síðasta jökulskeiðs hafi þar legið fjörður. Út frá þessari jarðminjaheild, jarðminjum og þeim virku landmótunarferlum sem þar eru enn í gangi, ásamt alþjóðlegu mikilvægi, er svæðið metið með hátt verndargildi.

Fyrirhugaðar framkvæmdir á svæðinu, bygging, felld inn í landslagið, þar sem verður sýningarhald, almenn veitingaþjónusta, baðlaugar og búningasklefar með um 300 skápum, allt að 25 herberja hótalgisting, baðsvæði og sameiginlegt íverusvæði við Hoffellslón munu valda óafturkræfu raski á jökulgarðinum og ganga gegn þeim markmiðum laga um náttúruvernd (lög 60/2013) „... að tryggja eftir föngum þróun íslenskrar náttúru á eigin forsendum og verndun þess sem þar er sérstætt“. Það er mat Náttúrufræðistofnunar að réttast væri að stækka Vatnajökulsþjóðgarð svo að hann nái yfir þá jarðminjaheild sem jökuláreyrar, jökulgarðar, lón og jökull mynda. Þá bendir stofnunin á að reikna má með því að enn leynist jökulís í eystri jökulgarðinum, enda ekki langt um liðið frá því að þar stóð virkur jökull.

Fyrirhuguð uppbygging við lónið er einnig í ósamræmi við skilgreind markmið fyrir Hoffell í verndaráætlun fyrir Vatnajökulsþjóðgarð. Á bls. 149 kemur fram að helsti áningarstaður verði við Hoffellslón og þar sé gert ráð fyrir uppbyggingu göngustíga og stækkun bílastæða í samstarfi við landeigendur. Uppbygging salernisaðstöðu verði fjær áningarstaðnum og í samráði við landeigendur. Þá kemur fram í skilmálum að Hoffellssvæðið er skilgreint sem göngusvæði og því er ekki gert ráð fyrir annarri starfsemi á svæðinu.



Í verndaráætlun fyrir Vatnajökulsþjóðgarð kemur fram, á bls. 100, í umfjöllun um birkiskóga - Bæjarstaðaskóg, skóg vestan í Skaftafellsheiði og skóglendi í Hoffellsfjöllum: „Skóglendi er við Hoffellsjökul í stórbrotu umhverfi mótuðu af skriðjöklum. Gróðurfar í gömlu birkiskógunum er sérstætt, þeir eru meðal annars búsvæði sjaldgæfra háplantna og fléttutegunda. Ásætufléttur lifa á trjánum og fausum þeirra og fram kemur í tillögu að náttúruverndaráætlun 2009-2013 að í þessum skógum megi finna flestar þeirra sjaldgæfu fléttu sem vaxa á austur- og suðurhluta landsins.“

Í tillögum Náttúrufræðistofnunar vegna Náttúruverndaráætlunar 2009-2013. (María Harðardóttir o.fl 2008) er lagt til að skóglendi við Hoffellsjökul verði verndað:

Forsendur fyrir friðlýsingu: Birkiskógur með fjölbreyttum ásætufléttum en á birkinu og fausum þess má finna flestar sjaldgæfar ásætufléttur sem helst hafa útbreiðslusvæði sitt um austan- og suðaustanvert landið. Einnig vaxa á svæðinu nokkrar sjaldgæfar háplöntur eins og finnugsstör, *Carex nardina*, bergsteinbrjótur, *Saxifraga paniculata*, sjöstjarna, *Trientalis europaea* og fjallaliðfætla, *Woodsia alpina*.

Tegund	Tegundarheiti	Flokkur	Algengi	Válisti	Forsendur verndar
Klettaburkni	<i>Asplenium viride</i>	Háplanta	Sjaldgæf	VU	Einn af átta fundarstöðum
Birkiskegg	<i>Bryoria fuscescens</i>	Flétta			Einn af sjö fundarstöðum
Kvistaskegg	<i>Bryoria simplicior</i>	Flétta			Einn af þremur fundarstöðum
Flatþemba	<i>Hypogymnia physodes</i>	Flétta			Einn af allmörgum fundarstöðum
Pípuþemba	<i>Hypogymnia tubulosa</i>	Flétta			Einn af allmörgum fundarstöðum
Gulstika	<i>Parmeliopsis ambigua</i>	Flétta			Einn af átta fundarstöðum
Næfurskóf	<i>Platismatia glauca</i>	Flétta			Einn af sjö fundarstöðum
Gullinvarp	<i>Vulpicida pinastri</i>	Flétta			Einn af fjórum fundarstöðum

Aðrar tegundir skráðar í gagnagrunn Náttúrufræðistofnunar í grennd við Hoffell sem eru ekki á valista en hafa þó fremur takmarkaða útbreiðslu eru:

Rauðstör (*Carex rufina*).

Dökkasef (*Juncus castaneus*).

Móanóra (*Minuartia stricta*), en þetta er syðsti fundarstaður á Íslandi m.v. útbreiðslukort.

Melasól (*Papaver radicum*)

Skjaldburkni (*Polystichum lonchitis*).

Dvergsoley (*Ranunculus pygmaeus*).

Fjallaliðfætla (*Woodsia alpina*).

Í tillögu til þingsáætlunar um náttúruverndaráætlun 2009-2013 er lagt til að skóglendið við Hoffell verði hluti af Vatnajökulsþjóðgarði og væri réttast að stækka Vatnajökulsþjóðgarð til að vernda skóglendið áður en farið er í framkvæmdir sem mögulega valda óafturkræfu raski á svæðinu.

Ef það á að fara í aukna nýtingu á jarðhita við Hoffell eða annars staðar í nágrenninu er nauðsynlegt að gera ítarlegar rannsóknir á gróðri við jarðhitann og á jarðhitakerfinu sem er illa þekkt og ekki vitað hvað það þolir mikla nýtingu.

Fyrirhuguð uppbygging við Hoffellslón mun að mati Náttúrufræðistofnunar gerbreyta ásynð svæðisins, raska heildstæðum náttúruminum og hætt við því að upplifun gesta verður ekki lengur sú að þar fái náttúran að njóta sín og þróast á eigin forsendum.



Náttúrufræðistofnun gerir ekki fleiri athugasemdir á þessu stigi málsins en áskilur sér rétt á frekari athugasemdum á síðari stigum.

Virðingarfyllst,

Ingvar Atli Sigurðsson

jarðfræðingur

Heimildir

María Harðardóttir, Erling Ólafsson, Kristinn Haukur Skarphéðinsson, Starri Heiðmarsson og Jón Gunnar Ottósson 2008. Verndun svæða, vistgerða og tegunda: tillögur Náttúrufræðistofnunar Íslands vegna náttúruverndaráætlunar 2009–2013. Unnið fyrir nefnd Umhverfissráðuneytisins um náttúruverndaráætlun 2009–2013 (<https://utgafa.ni.is/skyrslur/2008/NI-08008.pdf>).

Tillaga til þingsályktunar um náttúruverndaráætlun 2009-2013:

<https://www.althingi.is/altext/pdf/136/s/0239.pdf>

Vatnajökulsþjóðgarður. Stjórnunar- og verndaráætlun: https://prismic-io.s3.amazonaws.com/vatnajokulsthjodgardur/2c39eb78-dd8b-4122-ad29-300826409421_3.-utgafa-sogv-med-samth.-vidaukum-og-breytingum-juli-2022-hreint-skjal.pdf